

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Til lesenda

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2012 var afturkölluð áður en hún var samþykkt og myndar því eyðu í númeraröðinni.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 103/2012

2012/EES/56/01

frá 15. júní 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn afleidda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2011 frá 14. júlí 2011 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanir til varnar sýkingum í hundum af völdum *Echinococcus multilocularis* ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn afleidda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1153/2011 frá 30. ágúst 2011 um breytingu á I. viðauka b við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar tæknilegar kröfur varðandi bólusetningar gegn hundæði ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2007/43/EB frá 28. júní 2007 um lágmarksreglur um vernd eldiskjúklinga ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/629/ESB frá 20. september 2011 um breytingu á viðauka D við tilskipun ráðsins 88/407/EBE að því er varðar viðskipti innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni sem er sent frá sæðisöfnunarstöðvum og sæðisgeymslustöðvum ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísu og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 182, 12.7.2007, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 22.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003) í hluta 1.1:

„– **32011 R 1153**: Afleidd reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1153/2011 frá 30. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 13).“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir 148. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/215/ESB) í hluta 1.2:

„149. **32011 R 1152**: Afleidd reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2011 frá 14. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 6).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við skrána í A-hluta I. viðauka:

NO	Noregur	Allt yfirráðasvæðið
----	---------	---------------------

“““

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE) í hluta 4.1:

„– **32011 D 0629**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/629/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 22).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE) í hluta 8.1:

„– **32011 D 0629**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/629/ESB frá 20. september 2011 (Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 22).“

5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 12. lið (tilskipun ráðsins 2008/119/EB) í hluta 9.1:

„13. **32007 L 0043**: Tilskipun ráðsins 2007/43/EB frá 28. júní 2007 um lágmarksreglur um vernd eldiskjúklinga (Stjtið. ESB L 182, 12.7.2007, bls. 19).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1152/2011 og 1153/2011, tilskipunar 2007/43/EB og ákvörðunar 2011/629/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.